

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 162/2020

frá 23. október 2020

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1744 frá 17. september 2019 um tækniforskriftir fyrir rafrænar tilkynningar skipa í siglingum á skipgegnum vatnaleiðum og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 164/2010 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1744 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 164/2010 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella hana brott úr samningnum.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 49ad (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 164/2010) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 1744:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1744 frá 17. september 2019 um tækniforskriftir fyrir rafrænar tilkynningar skipa í siglingum á skipgegnum vatnaleiðum og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 164/2010 (Stjtið. ESB L 273, 25.10.2019, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/1744, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. október 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 273, 25.10.2019, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 57, 6.3.2010, bls. 1.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. október 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauri

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.